



VOGAR - HRAÐFERÐ

Árið 2018

Í upphafi nýs árs færi ég öllu samstarfsfólki mínu hjá sveitarfélaginu, íbúum þess, samstarfsaðilum öllum sem og öllum öðrum lesendum föstudagspistlanna bestu óskir um gæfuríkt og gleðilegt nýtt ár, um leið og ég þakka af heilum hug fyrir samstarfið og samskiptin á liðnu ári.

Það má með sanni segja að nú um stundir ríki tími vaxtar og góðs viðgangs í landinu, og þá ekki síst í okkar landshluta. Sveitarfélagið Vogar hefur ekki farið varhluta af þeirri miklu íbúafjölgun sem einkennt hefur Suðurnesin undanfarin misseri. Nú um áramótin voru 1.266 íbúar skráðir til heimilis í sveitarfélaginu, en ári áður voru þeir 1.206. Alls hefur því fjölgað um 60 íbúa, eða um tæp 5%. Ég býð alla nýja íbúa sveitarfélagsins velkomna og vona að þeim líki vel búsetan hér.

Á síðasta ári var í fyrsta sinn um all langa hríð ráðist í gatnagerð fyrir nýja íbúðabyggð. Áframhald verður á þeirri þróun árið 2018, enda ennþá mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Öllum lóðum sem auglýstar voru lausar til umsóknar á síðasta ári hefur nú verið úthlutað. Áfram verður unnið að gatnagerð og henni lokið á miðbæjarsvæðinu, þá koma fjölmargar lóðir til viðbótar til úthlutunar. Þessu til viðbótar standa nú yfir viðræður fjárfesta um kaup á landi Grænuborgar, en áform þeirra eru að byggja þar upp á bilinu 700 – 800 íbúðir næstu 10 ár, ef allt gengur eftir. Ef af þessum áformum verður er ljóst að mikill vöxtur verður í samfélagi okkar, og fjöldi íbúa á eftir að meira en tvöfaldast næstu árin.

Atvinnulífið í sveitarfélaginu heldur áfram að vaxa og dafna. Ný köfnunarefnis- og súrefnisverksmiðja ÍSAGA verður tekin í notkun á árinu, en frágangur við byggingu verksmiðjunnar er nú á lokametrunum. Fleiri fyrirtæki

áforma uppbyggingu og horfa til framtíðar með þróun starfsemi sinnar hér í sveitarfélaginu. Nesbú hefur undanfarið unnið að stækkun húsakosts síns, m.a. til að uppfylla ákvæði nýrra reglugerða um aðbúnað varphænsna. Þá er tekin til starfa húseiningarverksmiðja í húsnæði því sem áður hýsti Vélsmiðjuna Norma, sem gera má ráð fyrir að láti til sín taka á byggingamarkaði. Á nýliðnu ári var útlutað tveimur iðnaðarlóðum, hvorutveggja til fyrirtækja í byggingariðnaði.

Fjölgun íbúa og aukning umsvifa kallar á áframhaldandi uppbyggingu og styrkingu innviða sveitarfélagsins. Á árinu 2018 verður ráðist í áframhaldandi uppbyggingu á fráveitukerfi sveitarfélagsins, en ráðgert er að byggja nýja dælustöð fyrir fráveituna. Þá er hafinn undirbúningur að virkjun nýs vatnsbóls fyrir íbúa og fyrirtæki sveitarfélagsins, sem gera má ráð fyrir að verði tekið í notkun eftir tvö ár ef allt gengur eftir.

Á vettvangi mannlífsins er jákvæð þróun og góður vöxtur. Starfsemi frjálsra félagasamtaka stendur með ágætum, bæjarbúar geta með sanni fundið eitthvað við sitt hæfi í þeirri fjölbreyttu starfsemi. Íþrótt- og æskulýðsstarfsemi stendur í blóma, sem m.a. er drifin áfram af góðum árangri meistaraflokks knattspyrnu sem nú í ár mun í fyrsta sinn leika í 2. deild á Íslandsmóttinu.

Í vor verður kosin ný sveitarstjórn, en kosningar verða laugardaginn 26. maí n.k. Þá lýkur kjörtímabili núverandi bæjarstjórnar, sem starfað hefur frá miðju ári 2014. Samstarf og samheldni bæjarstjórnarinnar er til fyrirmyndar, sem er ekki sjálfgefið.

Ég ítreka óskir mínar um gleðilegt og farsælt ár, um leið og ég þakka fyrir það liðna og ánægjulegt samstarf.

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Eiríksson asgeir@vogar.is

5.1.2018 6.árg.1.tbl.

Innihald þessa pistils endurspeglar á engan hátt skoðanir ritstjóra, og er einungis ætlað að þjóna því hlutverki að miðla fréttum af því sem efst er á baugi hverju sinni á vettvangi sveitarfélagsins sem og að halda til haga gagnlegum upplýsingum um starfsemi á vettvangi sveitarfélagsins.